

# Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið

## Útikennsla í Flataskóla

### Markmið þróunarverkefnisins og helstu áherslur þess eru að nemendur:

- efla tengsl við umhverfi sitt og að auka áhuga þeirra og skilning á náttúrunni og umhverfi í heimabyggð
- auki leik í náttúrulegu umhverfi
- virki sköpunargleði og hugmyndaflug
- styrki sjálfsímynd og sjálfstraust
- efla hæfni til að vinna saman og setja sig í spor annarra
- læri að þekkja og nota áhöld til útieldunar
- kynnist flokkun sorps, endurnýtingu hráefna og þar með náttúruvernd

### Upphaf verkefnisins

Upphaf verkefnisins má rekja til námstefnu um vettvangsnám og útikennslu sem Samtök áhugafólks um skólaþróun stóð fyrir í ágúst 2007. Námsstefnan var haldin í Flataskóla og var hún öllum opin. Námstefnan varð kveikja að frekari útikennslu við Flataskóla og mátti strax greina aukinn áhuga kennara og nemenda á útikennslu. Í nóvember hélt svo hópur kennara á annað þing sem samtök áhugafólks um skólaþróun hélt en það var helgað mikilvægi hreyfingar og leikja í skóla- og uppeldisstarfi. Þingið var haldið í Íþróttافرæðasetri Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni.

### 2007 - 2008

Hópar nemenda fóru reglulega út með kennurum sínum og hafist var handa við að útbúa aðstöðu til útikennslu í Vigdísarlundi í nágrenni skólans og safna kennslugögnum sem myndu nýtast í útikennslu.

### Vor 2008

Flataskóli fékk styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla að upphæð 700.000 til að vinna að verkefninu Útikennsla í Flataskóla. Ragna Gunnarsdóttir var skipaður verkefnisstjóri.





Á listadögum Garðabæjar vorið 2008 máluðu nemendur í 4. bekk „talnatjörn“ á skólalóðina með góðum árangri. Við tókum líka á móti hópum frá öðrum skólum bæjarins í Vigdísarlundi. Þar fengu þeir sem komu í heimsókn að grilla sér brauð á teini og poppa í sigti (sem við útbjuggum eftir fyrirmynd). Boðið var upp á heitt kakó sem var hitað á prímus. Útiöldunaraðstaðan var ekki tilbúin á þessum tíma en við fengum lánað „kolagrill“ hjá skátunum í Garðabæ.

## **Haust 2008**

Stýrihópur var skipaður um verkefnið og sér hann um, ásamt skólastjórnendum, að halda utanum verkefnið Útikennsla í Flataskóla. Stýrihópurinn er skipaður þeim Önnu Lenu Halldórsdóttur og Rögnu Gunnarsdóttur. Þær eru beinir tengiliðir við sín stig og vinna saman að aukinni fræðslu og eflingu á útikennslu.



## **Hvað er búið að gera?**

Auður Pálsdóttir aðjunkt við HÍ var með fyrirlestur um útikennslu og útinám í september. Í nóvember komu Hlín Helga Pálsdóttir og Gunnar Börkur Jónasson til okkar. Þau fluttu fyrir okkur fyrirlestur um útikennslu og útinám. Báðir fyrirlestrarnir voru góðir en þeir voru þó mjög ólíkir. Erindi Auðar var byggt á fræðilegum grunni. Í erindi Hlínar Helgu og Gunnars Barkar var áhersla lögð á ýmis hagnýt atriði sem varða útikennslu og sögðu þau okkur frá ýmsu sem þau eru að gera og hvernig þau framkvæma hlutina enda eru þau bæði við kennslu.

Í haust var lokið við gerð útiöldunaraðstöðu okkar. Nemendur í 3. bekk (2007 - 2008) uppkvistuðu greinar í Vigdísarlundi og gerðu þannig rými svo að koma mætti aðstöðunni upp. Við fengum trjáboli frá garðyrkjunni og komu nemendur þeim fyrir í lundinum. Starfsmenn frá áhaldahúsi Garðabæjar komu svo í haust og aðstoðuðu við verkið, að koma steypu röri niður til að gera grill og setja mól í botninn til að koma í veg fyrir drullusvað.



Búið er að setja upp útibekki í Furulundi. Það auðveldar að taka á móti hópi nemenda og halda utanum hann og hentar vel til að leggja inn verkefni.



Á innra neti skólans er búið að setja upp möppu þar sem hugmyndum að útikennsluverkefnum er safnað saman. Þannig getum við nýtt hugmyndir hvers annars og auðveldað okkur skipulagningu kennslunnar.

### **Hvað er á döfinni?**

Á vorönninni stefnum við meðal annars að því að:

- fara í skólaheimsóknir í litlum hópum og sjá hvernig aðrir hátta sinni útikennslu
- koma upp geymslu fyrir útikennslugögn
- eignast fleiri námsgögn sem nýtast til útikennslu
- fá Guðmund Finnbogason til að vera með útiildunarnámskeið í samvinnu við Rögnu Gunnarsdóttur
- leyfa nemendum að mála „leiktæki“ sem hafa námslegan tilgang á skólalóðina.
- fá Hlín Helgu og Gunnar Börk til að koma aftur og undirbúa vinnu að náttúrustígum með okkur
- ljúka við skilti til að merkja Vigdísar- og Furulund. Þessi skilti er smíðakennari að vinna að með nemendum
- koma upp safni bóka sem tengjast útinámi og útikennslu

### **Innanhúsping vorið 2009**

Í maí 2009 er fyrirhugað að hafa innanhúsping þar sem kennarar gera grein fyrir náttúrustígum og einhverju útikennsluverkefni sem þeir hafa unnið. Verkefnunum verður safnað saman á innra neti skólans.

### **Kynning á þróunarverkefninu**

Á heimasíðu Flataskóla er fjallað um þróunarverkefnið. Hægt er að lesa um það á slóðinni: <http://www.flataskoli.is/pages/1733> .

Á heimasíðunni er einnig að finna margar myndir af nemendum í útikennslu en þær tengjast hverjum árgangi fyrir sig.

**Flataskóli 6. janúar 2009**

**Ragna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri  
Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri**